

ÁRSSKÝRSLA 2014



Hringssjá
Náms- og starfsendurhæfing

INNGANGUR

Hringsjá, náms og starfsendurhæfing er ætluð einstaklingum 18 ára og eldri sem hafa verið frá vinnumarkaði eða námi vegna slysa, veikinda, félagslegra erfiðleika eða annarra áfalla. Hringsjá getur líka hentað þeim sem eru með litla grunnmenntun eða hafa átt erfitt með að tileinka sér hefðbundið nám. Endurhæfingin felst í einstaklingsmiðuðu námi í formi styttri námskeiða eða fullu einingarbæru námi með sérhæfðri ráðgjöf og stuðningi. Markmiðin með náminu og endurhæfingunni eru að einstaklingar fari út á vinnumarkað og/eða í áframhaldandi nám eftir endurhæfinguna hjá Hringsjá.

Undirmark-miðin eru að leggja eða endurnýja almennan þekkingargrunn einstaklinga, að undirbúa einstaklinga fyrir almenn skrifstofu- og þjónustustörf, að efla persónulega færni einstaklinga, að efla félagslega færni einstaklinga, að auka samfélagslega þátttöku og lífsgæði einstaklinga og fjölskyldna þeirra. Meðal markmiða Hringsjár náms- og starfsendurhæfingar er að vera á hverjum tíma leiðandi í því verkefni að endurhæfa og styðja einstaklinga til sjálfstæðis, virkni og þátttöku í samfélaginu.

Hringsjá hefur starfað sem sjálfstæð stofnun frá 6. október árið 1987 og er í eigu Öryrkjabandalags Íslands. Hringsjá hét fyrst Starfsþjálfun fatlaðra, síðan Hringsjá starfsþjálfun fatlaðra, en árið 2006 var nafninu breytt í Hringsjá náms- og starfsendurhæfing.

STJÓRN

Stjórn Hringsjár er skipuð af Öryrkjabandalagi Íslands og var þannig skipuð árið 2014:

Halldór Sævar Guðbergsson, formaður
Lilja Þorgeirsdóttir
Guðbjörg Kristín Eiríksdóttir
Grétar Pétur Geirsson
Þá er ritari stjórnarfundar:
Þórný Björk Jakobsdóttir

Stjórnarfundir á árinu voru 7 talsins, auk þess sem formaður og forstöðumaður sátu ýmsa fundi í tengslum við starfsemi og rekstur Hringsjár. Meðal stærstu verkefna var að tryggja rekstrarlegan fjárhag starfseminnar.

FJÁRMÖGNUN

Hringsjá náms- og starfsendurhæfing á árinu 2014 var fjármögnuð með sölu á þjónustu. Kaupendur á árinu voru Vinnumálastofnun, Virk starfsendurhæfingarsjóður, Reykjavíkurborg, Kópavogsbær, önnur sveitafélög, aðrar starfsendurhæfingarstöðvar, Fjölmennt og aðrir samstarfsaðilar.

VIRK STARFSENDURHÆFINGARSJÓÐUR

Nýr samningur var undirritaður við **VIRK Starfsendurhæfingarsjóð** í júní 2014 um þjónustu á sviði náms- og starfsendurhæfingar; bæði þátttöku á námskeiðum, náminu, Davis ráðgjafar og sálfræðiviðtala. Samningurinn gildir um þjónustu fyrir einstaklinga sem eru með heilsu- brest og hafa þörf fyrir atvinnutengda starfsendurhæfingu.



VINNUMÁLASTOFNUN

Þjónustusamningur var undirritaður 31. október 2014 og gildir hann til ársloka 2016. Vinnumálastofnun tók við umsjón með þjónustusamningi við Hringsjá í janúar 2014 af Velferðar-ráðuneytinu. Samningurinn nær til einstaklinga sem metnir eru í þörf fyrir atvinnutengda endurhæfingu skv. lögum nr. 112/2008 um sjúkratryggingar, nr. 100/2007 um almannatryggingar, lögum nr. 59/1992 um málefni fatlaðs fólks eða lögum nr. 55/2006 um vinnumarkaðsaðgerðir.



STARFSFÓLK

Alls störfuðu eftirfarandi 17 einstaklingar hjá Hringsjá á árinu 2014 í **14,5** stöðugildum og sinntu eftirfarandi verkefnum:

- Adolf Hólm Petersen, félagsfræði
- Anna Sigríður Einarsdóttir, náms- og starfsráðgjafi
- Friðrik Björnæs Þór, stærðfræði, stuðningskennsla
- Gígja Baldursdóttir, Davis ráðgjafi, gæðastjórnun, myndlist og sértæk námsaðstoð
- Halldór Örn Þorsteinsson, stærðfræði, bókfærsla, fjármál, stuðningskennsla
- Helga Eysteinsdóttir, forstöðumaður
- Jón Baldvin Georgsson, upplýsinga- og tölvutækni og rekstur upplýsingakerfis Hringsjár
- Jóna Björg Ólafsdóttir, aðstoðaritari
- Kolbrún Hjálmtýsdóttir, náms- og starfsráðgjöf og námstækni
- Lilja Ósk Magnúsdóttir, íslenska, bókmenntir
- Linda Björk Sigurðardóttir, íslenska, bókmenntir, vélritun
- Magnús Ingimundarson, enska
- Ólína Sveinsdóttir, fjármál, rekstur, bókfærsla og bókhald
- Sigríður Margrét Hermannsdóttir, félagsráðgjafi
- Sólveig Pálsdóttir, leiklist, tjáning
- Unnur Vilhjálmsdóttir, ritari
- Valgerður Jóna Valgarðsdóttir, ritari og umsjón með námskeiðum

Eftirfarandi einstaklingar störfuðu við Hringsjá í verktöku við ýmis verkefni:

- Elsa Bára Traustadóttir, sálfræðingur
- Hlynur Áskelsson, íþróttifræðingur
- Jón Baldvin Georgsson, upplýsinga- og tölvutækni
- Katrín R. Hjálmarsdóttir, sérkennari
- Kolbeinn Sigurjónsson, Davis ráðgjafi og tölvunarfræðingur
- Kristín Linda Kristinsdóttir, íþróttakennari
- María Pálsdóttir, leikkona
- Sigríður Jónsdóttir, ráðgjafi og markþjálfari
- Sigurður Tómas Björgvinsson, stjórnsýslufræðingur

Á árinu 2014 átti Magnús Ingmundarson 25 ára starfsafmæli, Gígja Baldursdóttir 15 ára starfsafmæli og þau Ólína Sveinsdóttir, Jón Baldvin Georgsson og Valgerður Jóna Valgarðsdóttir 10 ára starfsafmæli hjá Hringsjá náms- og starfsendurhæfingu. Í maí 2014 hætti Sólveig Pálsdóttir störfum en hún hafði starfað 18 ár í Hringsjá.

Einn starfsmaður Hringsjár starfaði skv. örorkuvinnusamningum í samstarfi við Vinnuálastofnun og Tryggingastofnun ríkisins. Hann hætti störfum hjá Hringsjá í júní 2014.

Starfsmannafundir voru haldnir vikulega, og mánaðarlega voru haldnir fræðslufundir eða farið í fræðsluferðirferðir. Markmið þeirra var að auka samstarf og samheldni innan starfsmannahópsins, efla starfsmenn í starfi og í eigin lífi. Starfsmenn tóku auk þess þátt í ýmsum ráðstefnum, fundum og fyrirlestrum; m.a. aðalfund ÖBÍ, ársfundi VIRK, námskeið á vegum BHM og Endurmenntun HÍ. Auk þess tóku starfsmenn þátt í öðrum uppákomum sem voru til þess fallnar að efla hópinn og starfsánægju og má þar nefna fræðsluferð á Selfoss þar sem fengin var kynning á starfsemi Birtu starfsendurhæfingar og Fræðslunets Suðurlands. Mikil áhersla er lögð á að í Hringsjá sé notalegur vinnustaður þar sem hlúð er að hverjum og einum og að til staðar séu tækifæri til þróunar í starfi og lífi. Það á við bæði um allt starfsfólk sem og notendur þjónustunnar.

GÆÐAKERFI EQM

Mikil áhersla hefur alltaf verið á fagmennsku og gæði í starfsemi Hringsjá. Árið 2014 fékk Hringsjá gæðavottun EQM (European Quality Mark) sem er sameiginleg gæðaviðmið fyrir fræðsluáðaila utan hins formlega skólakerfis. Fræðslumiðstöð atvinnulífsins veitir gæðavottunina en EQM vottunarferlið byggir á sjálfsmati og eftirliti. Úttektaraðili er BSI á Íslandi sem er faggilt óháð skoðunarstofa. Ávinningur gæðavottunarinnar er fyrst og fremst aukin gæðavitund sem á að efla fræðslustarfsemina. Með vottuninni er staðfest að Hringsjá stenst evrópskar kröfur um gæði fræðslustarfsemi á fullorðinsstigi. Þetta er frábær viðurkenning á starfsemi Hringsjár og hvetur okkur starfsfólkið að halda áfram á sömu braut. Hringsjá er með sína eigin gæða- og rekstrarhandbók sem kom út í árslok 2014.

VIÐURKENNING SEM AÐILI TIL AÐ ANNAST FRAMHALDSFRÆÐSLU

Á árinu 2014 var unnið markvisst að því að sækja um viðurkenningu frá Mennta- og menningarmálaráðuneytinu sem aðili til að annast framhaldsfræðslu á Íslandi. Viðurkenningin byggir á lögum nr. 27/2010 um framhaldsfræðslu. Viðurkenningin byggist á mati á aðstöðu til kennslu, skipulagi náms, námskrám, þekkingu, reynslu, fjárhagsmálefnum, tryggingum og gæðakerfi. Umsóknin er í vinnslu hjá Mennta- og menningarmálaráðuneytinu.

HÚSNÆÐISMÁL

Húsnæði Hringsjár að Hátúni 10d er 555 fm að stærð og var á sínum tíma byggt fyrir náms- og starfsendurhæfingu og hefur lengst af verið vel fullnægjandi. Við fjölgun nemenda og starfsfólks er svo komið að húsnæðið er orðið allt of lítið fyrir bæði nemendur og starfsfólki. Hringsjá leigir nú 120 fm af Sjálfsbjörg í Hátúni 12. Á árinu 2014 fékk Hringsjá styrk frá Bauhaus og var styrkurinn nýttur til að fá eldhúsinnréttingu til að bæta aðstöðu nemenda og starfsmanna í leiguhúsnæðinu. Einnig fer kennsla að hluti til fram í sundlaug Sjálfsbjargar og Íþróttahúsi fatlaðra.

Velferðarráðuneytið hefur eftirlátið húsnæðið að Hátúni 10d, endurgjaldslaust og þessi styrkur hefur verið afar mikilvægur. Starfsemin heldur því áfram í húsnæðinu með óbreyttu formi. BG verktakar sinntu þrifum á húsnæðinu. Framundan eru ýmsar viðgerðir t.a.m. á loftplötum í miðrymi og á raflögnum og raftenglum í gólfi í kennslustofum.

SJÁLFSEIGNARSTOFNUN

Samþykkt var á stjórnarfundum Hringsjár í lok árs 2014 að gera Hringsjá að sjálfseignarstofnun sem er ekki í atvinnurekstri. Sjálfseignarstofnarnir sem stunda ekki atvinnurekstur sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá og lúta lögum nr. 19/1988. Eini stofnaðili er Öryrkjabandalag Íslands.

STARFSEMIN

Árið 2014 var annasamt hjá Hringsjá þar sem nemendum í fullu námi og þátttakendum á námskeiðum fjölgaði frá fyrra ári.

NÁMSKEIÐ

Haldin voru 25 námskeið á árinu 2014, þar af 13 námskeið á vorönn og 12 á haustönn. Þátttakendur sem luku þátttöku á námskeiðum voru alls 291 á árinu.

NÝTT START

Nýtt start eru námskeið þar sem kennt er á hverjum degi í tvo tíma í senn. Úrræðið er eingöngu ætlað notendum Vinnumálastofnunar og þjónustuþegum VIRK starfsendurhæfingarsjóðs. Þetta eru námskeið sem henta vel til að meta hvort einstaklingar uppfylli viðeigandi skilyrði fyrir starfsendurhæfingu, hvort þeir hafi vilja og/eða getu til að sinna markvissri starfsendurhæfingu. Nýtt start var bæði á vorönn og haustönn í 14 vikur og voru að hámarki 14 einstaklingar í senn á námskeiði.

NÁMIÐ

Nemendur eru teknir inn tvisvar á ári, í janúar og ágúst. Námið tekur að jafnaði þrjár (3) annir. Eins og verið hefur undanfarin ár er kennt í 4-6 kennslustundir á dag, fimm (5) daga vikunnar. Kennt var í litlum hópum og námið einstaklingsmiðað. Flestir nemendur hlutu einstaklingsaðstoð á árinu. Góð samvinna var við framhaldsskóla varðandi námsmat nemenda sem fóru í frekara nám eftir útskrift frá Hringsjá. Áfram var aukin áhersla lögð á að nemendur fari vel undirbúnir út í frekara nám eða atvinnuþátttöku.

Nemendur í náminu á vorönn 2014 voru 76 talsins. Nemendur sem útskrifaðir voru í maí voru 19 talsins og má sjá þá á myndinni hér að neðan. Við útskriftarathöfn sáu Birna María Sigurðardóttir flautuleikari og Arnhildur Valgarðsdóttir píanóleikari frá Listaskóla Mosfellsbæjar um tónlistarflutning og Gissur Pétursson forstjóri Vinnumálastofnunar flutti hátíðarárvarpið.

Nemendur í náminu á haustönn 2014 voru alls 79. Útskrifaðir nemendur í desember voru 19 talsins. Við útskriftarathöfn sá Regína Ósk tónlistarmaður um tónlistarflutning og Sigríður Lillý Baldursdóttir forstjóri Tryggingastofnunar ríkisins flutti hátíðarárvarp við útskriftina.

Við útskrift hafa nemendur hlotið gjöf sem ætlað er að minna á þá sigra sem unnist hafa, gleðja og hvetja áfram til frekari sigra. Útskriftargjafirnar árið 2014 voru leirlistarverk eftir Bjarna Viðar Sigurðsson listamann.

Þeirri venju var haldið áfram að bjóða gestum til þess að vera viðstaddir útskrift. Hér er átt við helstu samstarfsaðila og tilvísendur (ýmsa sérfræðinga í heilbrigðis- og velferðarkerfi) sem á sínum tíma vísuðu útskriftarnemendum í náms- og starfsendurhæfingu hjá Hringsjá. Þetta mæltist vel fyrir hjá viðkomandi aðilum, sem og nemendum og starfsfólki.



STOÐÞJÓNUSTA

Öllum nemendum og þátttakendum á námskeiðum býðst **þjónusta náms- og starfsráðgjafa**. Einstaklingar sem eru að kynna sér Hringsjá og sækja um nám/námskeið m.t.t. endurhæfingar og stundum aðstandendur eða stuðningsaðilar þeirra leita einnig til náms- og starfsráðgjafa.

Félagsráðgjafi Hringsjár sér um gerð endurhæfingaráætlana, sér í lagi í tengslum við umsóknir um endurhæfingarlífeyri til Tryggingarstofnunar ríkisins. Félagráðgjafi sinnir einnig eftirfylgni við útskrifaða nemendur. Þá hefur lengi verið þörf á aðkomu félagráðgjafa að náms- og starfsendurhæfingu vegna úrlausna við félagsleg verkefni af ýmsum toga sem nemendur glíma við á hverjum tíma. **Forstöðumaður** sinnir einnig þessum verkefnum að hluta.

Lesblinda og sértækir námsörðugleikar eru algeng meðal nemenda Hringsjár og margir hafa aldrei fengið greiningu. Nauðsynlegt er að staðfesta og skilgreina vandann til þess að hægt sé að finna og nýta viðeigandi aðferðir og leiðir. Alls hlutu 17 einstaklingar **lesgreiningar** á vegum Hringsjár á árinu (15 árið áður). **Sérkennari** sér um lesgreiningar og er notast er við **LOGOS** greiningarkerfið. Einnig starfar **Davis® ráðgjafi** í Hringsjá sem sinnir þjónustu við lesblinda en einnig er hægt að beita Davis® tækninni á talnablindu, reikniblindu, skrifblindu og einnig athyglisbrest með eða án ofvirkni.

Nemendur á fyrstu önn fá a.m.k. 2 skimunarviðtöl hjá **sálfræðingi** sem eru nýtt til stöðumats og þarfagreiningar einstaklinga og áætlunargerðar í upphafi náms- og endurhæfingar. Einnig er sálfræðingur einstaklingsviðtöl, hóptíma og handleiðslu. Á árinu fóru 5 tilvísanir til geðlækna, ýmist á geðsvið Landspítala eða til einstakra lækna sem ráðgjafar Hringsjár eru í samstarfi við. Stór hluti nemenda Hringsjár býr við geðrænan heilsufarsvanda og lögð hefur verið áhersla á að efla samstarf við sérfræðinga sem starfa á þeim vettvangi. Mikilvægt er að þeir sem stunda náms- og starfsendurhæfingu fái viðeigandi aðstoð sem fyrst á endurhæfingartímabilinu þegar horft er til þess að fólk nái betri heilsu, vinnufærni og árangri á sem skemmstum tíma. Þá var áfram unnið að því að auka samvinnu við velferðarþjónustur sveitarfélaga á árinu. Margir nemendur höfðu þörf fyrir enn meiri félagsfræðilegan og sálfræðilegan stuðning og frekari greiningar en Hringsjá getur boðið. Meðal þeirra sem starfa að endurhæfingarmálum er almennt talið að snemmbært inngríp og heildstæð endurhæfing þar sem tekið er á öllum þeim þáttum sem vinna þarf með, sé grunnatriði þegar horft er til árangurs.

ÖNNUR STOÐÞJÓNUSTA

Frá upphafi Hringsjár hefur verið leitast við að nýta allt það sem að gagni getur komið við nám og kennslu, og að ýta hindrunum úr vegi. Á árinu var unnið að því að umhverfið í Hringsjá, t.d. litaval á veggjum, gluggatjöld o.fl. væru ekki truflandi (t.d. fyrir þá sem eru með flogaveiki eða ADHD). Áhersla var lögð á friðsælt og einfalt umhverfi. Dæmi um aðrar leiðir til stuðnings og til þess að efla námsframvindu eru:

- **Bara** stuðningspúðar og hálskragar – sem bæta setstöðu, minnka verki í herðum, handleggjum og höndum. Auðvelda einnig fólki að stunda iðju.
- **Blindrabókasafnið** – allir nemendur Hringsjár geta nýtt sér þjónustu bókasafnsins.
- **Easy Tutor forritið** - sem auðveldar lesblindum nám.
- **Stodkennarinn.is** - gagnvirkur kennsluvefur
- **Höfuðsett sem útiloka umhverfishljóð** – hjálpa þeim sem eiga erfitt með að halda einbeitingu.
- **Lofthreinsitæki** – sem auðveldar þeim sem eiga við mikið ofnæmi, astma eða mígreni að etja. Einnig þeim sem eru með ný líffæri, þ.e. eru líffæraþegar. Hreinsar loftið, eyðir lykt og drepur bakteríur.
- Pullur, sessur og skemlar eftir þörfum.

- **Stíllanleg borð og stólar** – iðjuþjálfí sér um að leiðbeina með val og líkamsbeitingu.




Góði Hirðirinn / Sorpa hefur nú um árabíl verið einn stærsti stuðningsaðili Hringsjár og gert það sem ofan er talið aðgengilegt fyrir nemendur.


ÞRÓUNARVERKEFNI

Á hverjum tíma er reynt að þróa nýjar leiðir til að koma til móts við breyttar áherslur í starfsendurhæfingu. Á haustönn 2014 var ákveðið að bæta hreyfingu inn í starfsendurhæfinguna í Hringsjá. Tveir íþróttafræðingar voru fengnir til að hafa umsjón með þessu verkefni og fer kennslan fram í Íþróttahúsi fatlaðra og í sundlaug Sjálfsbjargar. Þetta hefur mælst vel fyrir hjá nemendum og er hreyfing sem hluti af endurhæfingunni í Hringsjá vonandi komin til að vera.

NEMENDUR


Eftirfylgjandi línurit sýna skiptingu nemenda eftir kynjahlutfalli, aldri og búsetu á landinu.





VIRKNI NEMENDA SEM ÚTSKRIFAÐIR VORU 2014

Meðal helstu markmiða Hringsjár er að nemendur sem lokið hafa námi séu í stakk búnir til þess að takast á við frekara nám í almennu skólakerfi eða fari á almennan vinnumarkað. Árið 2014 útskrifaðist 38 nemandi frá Hringsjá. [Eftirfarandi mynd sýnir að af þeim eru virkir þar af í námi og/eða vinnu.](#)



Fyrrverandi nemendur hafa aðgang að eftirfylgni hjá Hringsjá og geta því áfram fengið ráðgjöf, hvatningu og stuðning.

DAGLEGT STARF OG ÞJÓNUSTA

Haldið var áfram að auka tækifæri nemenda til að njóta lista og menningarlífs, bæði með heimsóknum og einnig var fjölmörgu listafólki boðið heim. Ásamt því að veita alhliða náms- og starfs endurhæfingu var aukin áhersla á náms- og starfsfræðslu og tengingu við atvinnulífið. Nemendur Hringsjár geta sótt um nemendakort hjá Strætó BS og fá þá sömu kjör og aðrir framhalds- skólanemendur.

Góð samvinna var við Hjálparstofnun kirkjunnar, Mæðrastyksnefnd og Fjölskylduhjálp Íslands vegna matvæla-, lyfja- og annarrar aðstoðar við nemendur. Samningur var við Fangelismálastofnun þannig að nemendur sem áttu eftir að skila samfélagsþjónustu gátu skilað framlagi sínu með þátttöku sinni í Hringsjá. Gott samstarf var við fjöldan allan af stofnunum og sérfræðingum í heilbrigðis- og velferðarkerfi svo og vinnumála- og menntakerfi landsins.

FÉLAGSLÍF

Félagslíf nemenda var með hefðbundnum hætti og eftirfarandi uppákomur og atburðir áttu sér stað á árinu:

- Árshátíð
- Bingó
- Bleiki dagurinn – samstaða gegn krabbameinum hjá konum
- Bókasafnið Grófinni
- Dagur íslenskrar tungu
- Hrekkjavaka
- Hljóðbókasafnið
- Hvítur dagur, baráttudagur gegn einelti
- Myndlistarsýningar nemenda
- Páskaveisla
- Sögusýningin
- Tyllidagar – 3 kennsludagar með óhefðbundinni kennslu
- Þemadagar

Fjöldi listamanna og sérfræðinga lagði sitt af mörkum við þessa atburði:

- Elva Dögg Gunnarsdóttir uppistandari
- Percy B. Stefánsson frá Lausninni
- Snævar Ívarsson frá Félagi lesblindra
- Svavar Knútur trúbador
- Tónlistarmenn frá Listaskóla Mosfellsbæjar
- Ýmsir fyrrverandi nemendur með fræðslu og fyrirlestra
- Ýmsir kennarar frá Kramhúsinu

Flestir þeirra sem að ofan eru taldir gáfu vinnu sína eða seldu hana á lágu verði. Þá komu margir fyrri nemendur einnig töluvert við sögu og hittu m.a. nýnema. Nemendum gafst einnig tækifæri á að sækja eftirfarandi skóla, vinnustaði, söfn og sýningar:

- Hljóðbókasafnið
- Borgarbókasafnið í Grófinni

- Borgarholtsskóli
- Fjölbraut í Ármúla
- Listasafn Íslands
- Iðnskólinn í Hafnarfirði
- Menntaskólinn í Kópavogi
- Sögusýninguna
- Tækniskóli Íslands
- Þjóðminjasafnið

STYRKIR



Bauhaus veitti styrk og var hann styrkurinn nýttur til að fá eldhús innréttingu til að bæta aðstöðu nemenda og starfsmanna í leiguhúsnæðinu Hátúni 12.

Slippfélagið gaf málningu í verkefni í myndlist þar sem nemendur unnu verk í anda Holton River.



Rekstrarniðurstaða var jákvæð í árslok og myndaðist svigrúm til að greiða niður lán sem Hringsjá fékk hjá ÖBÍ. Einnig fékk Hringsjá styrk frá ÖBÍ á árinu sem var hluti af rekstarafgangi ÖBÍ á árinu 2014 og er hann ætlaður til að lækka fyrrgreint lán enn frekar.

ÝMIS VERKEFNI

Eins og undanfarin ár var nokkur eftirspurn um starfsþjálfun hjá Hringsjá, ekki hvað síst frá nemendum í náms- og starfsráðgjöf við Háskóla Íslands. Einn nemandi kom í starfsþjálfun í náms- og starfsráðgjöf og áfram var tekið á móti nemendum í stuttar kynningar á starfseminni. Auk nemenda í

náms- og starfsráðgjöf komu einnig nemendur í félagsráðgjöf frá HÍ, namar í hjúkrunarfræði við HÍ og iðjuþjálfanemar við Háskólann á Akureyri.

Eins og undanfarin ár aðstoðuðu náms- og starfsráðgjafi, félagsráðgjafi og forstöðumaður nemendur við að sækja um ýmsa styrki, m.a. frá menntunarsjóði Mæðrastyrksnefndar, Menntunarsjóði Sigríðar Jónsdóttur, Menningar- og minningarsjóði kvenna, Bandalagi kvenna í Reykjavík o.fl.

Skólinn endurnýjaði áskrift að Microsoft hugbúnaði enda er sá hugbúnaður í notkun á flestum vinnustöðum og nánast öllum skólum landsins og mikilvægt að nemendur frá Hringsjá geti nýtt sér hann til náms eða starfa. Áfram var unnið að því að þróa umsækjenda- og nemendagagnagrunninn okkar, Námuna.

Af öðrum sérhönnuðum kerfum í notkun má nefna Stofukladdann sem ritari skráir í alla viðveru og fjarvistir og sem reiknar út mætingarprósentu nemenda. Einnig má nefna kerfi til að skrá einkunnir, prenta út prófskírteini og námsmat og senda út bréf til umsækjenda. Þessi kerfi hafa öll verið þróuð innanhúss af starfsmönnum í samstarfi við **Jón Baldvin Georgsson**.

Í tengslum við kennslu í tölvubókhalda hefur Hringsjá samið við DK Hugbúnað um fjaraðgang að dk bókhaldskerfinu á mjög góðum kjörum.

Heimasíðu Hringsjár var áfram haldið úti og umsjónarmaður síðunnar er **Jón Baldvin Georgsson**. Síðan er vistuð hjá Internet þjónustuaðila Hringsjár, Símanum. Þá er Hringsjá með síðu á facebook þar sem hægt er að fylgjast með daglegu starfi og umsjónarmaður þeirrar síðu er **Anna Sigríður Einarsdóttir**.

NIÐURLAG

Starfsárið 2014 var afar annasamt og árangursríkt í marga staði. Tekist var á við fleiri verkefni og farsælu samstarfi haldið áfram við helstu samstarfsaðila. **Öryrkjabandalag Íslands** stóð eins og endranær við bakið á starfseminni og veitti dyggan stuðning. Það sem var sérstaklega ánægjulegt á árinu 2014 er samstarf Hringsjá og Vinnumálastofnunar og hlökkum við til að þróa það samstarf enn frekar.

Á árinu 2015 verður áfram unnið að því að tryggja fjárhagslegan sem og faglegan grunn Hringsjár ásamt því að efla þjónustu, árangur og gæði starfseminnar. Nýr þjónustusamningur við VIRK starfsendurhæfingarsjóð verður gerður á árinu. Umsókn um viðurkenningu sem aðili til að annast framhaldsfræðslu á Íslandi liggur fyrir hjá Mennta- og menningarráðuneytinu og væntum við þess að fá þá viðurkenningu á árinu. Á árinu verður Hringsjá að sjálfseignarstofnun sem hefur það að markmiði að bjóða fjölbreytta og þverfaglega starfsendurhæfingu með auknum tengslum atvinnulífs og skóla.

Reykjavík, 1. júní 2015



Helga Eysteinsdóttir, forstöðumaður Hringsjár